

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál, er varða öryggi vöru, markaðsgæslu og markaðseftirlit, heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsfa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahags-svæðinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.